

## **Aðalfundur Listvinafélags Hveragerðis, laugardaginn 24. mars 2012, haldinn í Bókasafninu í Hveragerði kl. 10:00.**

### **1. Setning fundarins og kosning fundarstjóra og ritara.**

Guðrún Tryggvadóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Guðrún rakti aðdraganda fundarins og það helsta sem gerst hefur frá síðasta aðalfundi sem haldinn var þann 21. janúar s.l.

Fram kom m.a. að unnið hefur verið að stefnumörkun fyrir félagið. Unnið var að og lögð inn umsókn til Menningarráðs Suðurlands sem beðið er svara við og einnig hefur laganefndin unnið að tillögu um lagabreytingar sem liggur fyrir þessum fundi.

Guðrún lagði síðan til að Gísli Páll Pálsson yrði fundarstjóri og Eypór H. Ólafsson fundarritari og var það samþykkt einróma.

Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmæti fundarins og var það staðfest, allir viðstaddir höfðu greitt félagsgjöld í félaginu eins og lög þess gera ráð fyrir.

### **2. Reikningar félagsins.**

Svanur Jóhannesson gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins einsog hún hefur þróast frá síðasta aðalfundi. Félagið á nú kr. 145 þúsund inni á bankabók sem komið er til þannig:

Kr. 50 þúsund styrkur frá börnum Jóhannesar úr Kötlum.

Kr. 20 þúsund styrkur frá Eypóri H. Ólafssyni.

Kr. 69 þúsund hafa innheimst af félagsgjöldum og hafa 46 af 53 félagsmönnum þegar greitt þau.

Kr. 6 þúsund komu frá fyrri formanni sem uppgjör.

Engar umræður urðu um þennan lið. Ekki var um eiginleg reikningsskil að ræða þar sem reikningar voru lagðir fram á fundinum 21. janúar.

### **3. Tillögur frá laganefnd um lagabreytingar**

Eftirtaldir félagsmenn sátu í laganefndinni: Pálína G. Sigurjónsdóttir, Úlfur Björnsson, og Ármann Ægir Magnússon.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga, sem fylgdi með fundarboði frá laganefnd, að lögum félagsins:

# Lög Listvinafélags Hveragerðis

1. gr.

Nafn félagsins er: Listvinafélag Hveragerðis skammstafað LVH.  
(Kt. 230929-2899. Kt.: gjaldkera þar til lögin hafa öðlast gildi og félagið fær sína kt.)

2. gr.

Heimili félagsins er í Hveragerði og varnarþing í Árnessýslu.

3. gr.

Markmið Listvinafélags Hveragerðis er að efla menningarlíf með sýningum og uppákomum í samvinnu við söfn, bæjarfélög, ferðamálayfirvöld og menningarsetur víðs vegar um landið. Stjórn félagsins er falið að vinna verkefnisáætlun fyrir starfsárið og kynna félögum.

4. gr.

Rétt til veru í félaginu hafa allir Hvergerðingar og þeir, sem áhuga hafa á því að vinna að markmiðum félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, þ.e.: formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera, meðstjórnenda og að auki tveim varamönnum. Formaður skal kosinn sérstaklega til þriggja ára. Aðra stjórnarmenn og einn varamann skal kjósa til tveggja ára (í fyrsta skipti skal kjósa 2 stjórnarmenn og einn varamann til eins árs.) Kosnið skal um tvo stjórnarmenn og einn varamann árlega. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga árlega.

7. gr.

Formaður boðar stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn í mars ár hvert.  
Starfstímabil félagsins er milli aðalfunda ár hvert, en reikningsskil miðast við almanaksár. Aðeins skuldlausir félagsmenn hafa atkvæðarétt á aðalfundi. Fundir skulu boðaðir með tölvupósti en bréflaga til þeirra sem ekki hafa netið. Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundir eru löglegir ef löglega er til þeirra boðað.

9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Ávarp formanns.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Skýrsla stjórnar.
- 4) Reikningar lagðir fram af gjaldkera.
- 5) Umræður um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga.
- 6) Reikningar bornir undir atkvæði.
- 7) Lagabreytingar.
- 8) Félagsgjöld ákveðin.
- 9) Kosning formanns sjá 5. grein.
- 10) Kosning stjórnar og varamanna sjá 5. grein.

- 11) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- 12) Kosning nefnda.
- 13) Önnur mál.

10. gr.

Árgjald félagsins er 1500 kr. 1000 kr. fyrir aðra heimilisfasta á sama lögheimili. Félagsmenn, 18 ára og yngri, skulu undanþegnir félagsgjaldi.

11. gr.

Félagið getur aflað fjár með styrkjum, gjöfum og þátttökugjaldi á sýningum. Félagið getur ekki skuldbundið félagsmenn sína á nokkurn hátt.

12. gr.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Gerð skal grein fyrir laqabreytingum í aðalfundarboði.

Leggist félagið niður af einhverjum ástæðum skulu eignir þess, ef einhverjar eru, renna til menningarmála í Hveragerði. Ákvörðun um slit félagsins verður ekki tekin nema með meirihluta atkvæða fundarmanna á aðalfundi.

13. gr.

Markmið áhugamannafélagsins er ekki að afla félagsmönnum eigna og samrýmist það því ekki tilgangi slíks félags að ráðstöfun eigna við slit þess sé til félagsmanna sjálfra.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins 24. mars 2012 og öðlast gildi við undirskrift stjórnar.

Hveragerði, 24. mars 2012.

Formaður Kt.:

Varaformaður kt.: \_\_\_\_\_

Gjaldkeri Kt. \_\_\_\_\_

Ritari Kt.: \_\_\_\_\_

Meðstjórnandi kt.: \_\_\_\_\_

Úlfur Björnsson gerði grein fyrir starfi laganefndarinnar. Talsverðar umræður urðu um tillöguna og komu fram eftirtaldar breytingatillögur sem fundarstjóri bar upp:

Breytingartillaga við 3. grein: Að í stað „með sýningum og uppákomum“ komi „námskeiðum, sýningum og viðburðum“.

Breytingartillaga við 3. grein: Að í stað „falið að vinna verkefnisáætlun“ komi „falið að vinna áætlun um verkefni“.

Breytingartillaga við 4. grein: „allir Hvergerðingar og“ falli út

Breytingartillaga við 8. grein: „ár hvert“ í línu tvö falli út

Breytingartillaga við 9. grein: Í fimmta lið falli út „endurskoðaða“

Breytingartillaga við 10. grein: „1.000 krónur fyrir aðra heimilisfasta á sama lögheimili. Félagsmenn, 18 ára og yngri, skulu undanþegnir félagsgjaldi.“ falli út.

Vegna 12. greinar: Samþykkt óbreytt en að stjórn hugi að endurskoðun orðalags vegna þessarar greinar fyrir næsta aðalfund. Var þar aðallega rætt um hvernig ráðstafa ætti eignum félagsins ef það legðist niður af einhverjum ástæðum.

Breytingartillaga við 13. grein: „áhugamanna“ detti út í „Markmið áhugamannafélagsins er ekki...“. Greinin byrji því þannig: „Markmið félagsins er ekki...“

Fundarstjóri bar upp hverja breytingartillögu fyrir sig og voru þær allar samþykktar einróma. Síðan bar fundarstjóri upp löggin í heild sinni og voru þau einnig samþykkt samhljóða.

#### **4. Kosning stjórnar**

Formaður var endurkjörinn einróma, þ.e. Guðrún Tryggvadóttir.

Aðrir stjórnarmenn voru einnig endurkjörnir einróma.

Aðalmenn:

Þau Eyþór H. Ólafsson og Heiðís Gunnarsdóttir til tveggja ára og Svanur Jóhannesson og Inga Jónsdóttir til eins árs.

Varamenn:

Hlíf S. Arndal til tveggja ára og Sölvi Ragnarsson til eins árs.

#### **5. Kosning skoðunarmanna reikninga**

Stungið var upp á endurkjöri þeirra Egils Gústafssonar og Jóhönnu M. Hjartardóttur og var það samþykkt samhljóða.

#### **6. Kosning nefnda og önnur mál**

Svanur Jóhannesson tók til máls og ræddi um hugsanlegar nefndir sem starfa ættu innan félagsins. Nefndi hann t.d. minjagripnefnd og matsnefnd vegna listaverka og samkeppna.

Nefndi Svanur ýmsa möguleika á minjagripum sem félagið gæti látið gera, t.d. fingubjargir sem margir söfnuðu. Á þeim gætu verið t.d. skáldamyndir og ljóð. Einnig nefndi hann minningarkort sem gætu verið með ljóði eftir einhver skáldanna.

Guðrún Tryggvadóttir tók til máls og tók undir orð Svans. Hún nefndi hugmynd að samkeppni tengdri hönnun minjagripa.

Talsverðar umræður urðu um hugmyndir um minjagripagerð. Heiðís Gunnarsdóttir nefndi bókamerki, ramma o.fl.

Fundurinn ákvað að vísa hugmyndum um minjagripnefnd og gerð minjagripa og aðrar hugsanlegar nefndir til stjórnar.

Guðrún Tryggvadóttir formaður ræddi m.a. hugsanlega aðkomu félagsins að Blómstrandi dögum og Blómum í bæ, hugmyndir um vinnustofur á þessum hátíðum og óskaði eftir hugmyndum frá félagsmönnum. Einnig ræddi Guðrún um möguleika á Facebook síður fyrir félagið.

Fleira var ekki gert og sleit fundarstjóri fundi um kl. 11:15

Eyþór H. Ólafsson

fundarritari